

SORPHIRÐA Í ÞINGEYJARSVEIT - GJALDSKRÁ 2021

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir:	54.795 - kr.
Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun:	23.825 - kr.

Gjaldið er innheimt jafnhliða fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu og þeirra. Gjald dagar eru átta: 1. feb., 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4m³ af úrgangi), 10.107 - kr. Eitt klippikort er innifalið í árlegu sorpgjaldi á hverja fasteign í sveitarfélaginu.

3. gr.

Á gámapelli er innheimt eftirfarandi gjald vegna móttöku sorps frá fyrirtækjum og öðrum en klippikorthöfum:

- Áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg. eða 1,5 m³ skal greiða móttöku- og flutningsgjald 4.749 kr. og í urðunargjald 5.358 kr. eða samtals 10.107 kr.
- Fyrir hvert kíló umfram 100 kg. greiðist samtals í móttöku- og flutningsgjald 47 kr. og 54 kr. í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætist við 4.749 kr. fyrir móttöku- og flutningsgjald og 5.358 kr. í urðunargjald.
- Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastumbúðir, hjólbarðar, heyrúlluplast, ýmis spilliefni úrelt ökutæki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar 5.12.2019 og öðlast gildi við birtingu og kemur til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 2020. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 03.12.2020.

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2021.